

**Nd. 59. Frumvarp til laga**

um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Thor Thors, Pétur Ottesen,  
Guðbr. Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

**I. KAFLI**

**Skipulag sjóðsins og ætlunarverk.**

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Fiskveiðasjóður Íslands. Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

## 2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn, sbr. 16. gr. Ríkissjóður her ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sérstaka lagaheimild þarf þó hvert sinn til þess að taka lán handa sjóðnum.

## 3. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

## II. KAFLI

### Stofnfé Fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

## 4. gr.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 1 milljón króna á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 30. júní 1936, eftirstöðvar af skuld Fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, d. kr. 833333.35. Afganginn, kr. 166666.65, greiðir ríkissjóður eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins með jöfnum greiðslum á næstu fjórum árum.
2. Helmingur núverandi útflutningsgjalds af hverskonar sjávarafurðum rennur í sjóðinn, unz stofnsjóður hans er orðinn 12 milljónir króna. Verði útflutningsgjald sjávarafurða, sem nú er, afnumið með lögum að nokkru eða öllu leyti, áður en sjóðurinn er orðinn 12 milljónir króna, rennur í sjóðinn frá þeim tíma  $\frac{3}{4}$  af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu var létt af, þar til stofnsjóður nemur þeirri fjárhæð, er áður segir.
3. Eignir varasjóðs og veðtryggingarsjóðs renna í stofnsjóð.

## 5. gr.

Reiðufé Fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

## III. KAFLI

### Útlánastarfsemi Fiskveiðasjóðs.

## 6. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlesta, og séu þau ætluð til fiskiveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðnfyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

3. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlesta.

Veitingar lána samkvæmt 3. lið skulu hefjast jafnskjótt og fjárhagsstyrkleiki sjóðsins leyfir, að álitu sjóðsstjórnarinnar.

Um lánveitingar skal gilda sú meginregla, að lána einungis til nýbygginga.

#### 7. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórn metur gildar, fasteignaveð, handveð í auðseljanlegum verðbréfum, eða hæjar- eða sýsluábyrgð, má lána allt að  $\frac{3}{5}$  virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að  $\frac{7}{10}$  virðingarverðs.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert sinn.

Lengsti lánstími samkvæmt 1. lið 6. greinar er 12 ár, og hámark láns út á eitt skip samkvæmt sama lið kr. 30000.00.

#### 8. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns kr. 24000.00.

#### 9. gr.

Vextir af lánnum úr Fiskveiðasjóði skulu vera  $1\frac{1}{2}\%$  fjögur og hálf af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánnum úr Fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna  $\frac{1}{2}\%$  dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

#### 10. gr.

Eignir þær, sem Fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lán-takanda af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta váttryggt í váttryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanræksla verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast váttrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum jafnt og fyrir láninu sjálfu.

#### IV. KAFLI

##### Um greiðslufall lána og réttindi Fiskveiðasjóðs.

###### 11. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

###### 12. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

###### 13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert upphöð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við upphöðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta upphöðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á upphöðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að upphöð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu upphöðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við upphöð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um það í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

###### 14. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungarupphöði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá upphöðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóði, og geta þess í upphöðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við upphöðið.

## V. KAFLI

### Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

#### 15. gr.

Yfirumsjón Fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal Fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans, eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

#### 16. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

#### 17. gr.

Stjórn sjóðsins skal á miðju hverju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

#### 18. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, kvittanir, skuldbindingar og yfirlýsingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánnum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignarvottorð og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

#### 19. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu váttryggingariðgjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi váttryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðsett Fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandi lætur váttryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki váttryggingarsamning sinn við félagið.

#### 20. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Við flutningsmenn þessa frumvarps höfum flutt það áður á tveim næstu undangengnum þingum. Áð sönnu höfum við breytt því í nokkrum atriðum, en meginefni þess er hið sama og áður, og stefna sú, sem í því er mörkuð, hin sama og sú upphaflega: að efla Fiskveiðasjóð, svo að hann geti einn annazt stofnlán til endurnýjunar og aukningar fiskveiðaflota landsmanna, eftir því sem þörf og vaxtarskilyrði sjávarútvegsins krefja.

Þetta er að sömmu ekki ný stefna, því með lögunum frá 1930 var sú stefna tekin að efla Fiskveiðasjóð til stofnlána fyrir hátautveg landsmanna og smá-iðnaðarfyrirtæki í sambandi við þann útveg. Mæla lögin svo fyrir, að rikissjóður skuli leggja sjóðnum eina milljón króna, er greidd skuli að fullu fyrir 1. júní 1941. Með reglugerð var síðan ákveðið, að þessu atriði laganna skyldi fullnægt á þann hátt, að rikissjóður greiddi sjóðnum árlega 100 þús. krónur. Í öðru lagi var sjóðnum áskilið hundraðsgjald af útfluttum fiskafurðum, er ákveðið var síðan með sérstökum lögum. Skyldi það gjald haldast, þar til höfuðstóll sjóðsins næmi 8 milljónum króna.

Á þessu sést, að lögin um Fiskveiðasjóð Íslands ætlast beinlínis til þess, að sjóðurinn verði öflug stofnlánastofnun.

En í framkvæmdinni hefir þetta orðið þannig, að rikissjóður hefir ekki enn greitt einn eyri af milljóninni, og getur það varla talizi forsvaranlegt. Og hundraðsgjaldið af útfl. sjávarafurðum hefir orðið innan við 50 þús. kr. á ári, og fer hraðminnkandi. Sjóðurinn hefir því að mestu leyti starfað með lánsfé, sem gerir það að verkum, að hann hefir árlega miklar greiðslur í vexti og afborganir. Af þessu stafar aftur það, að vöxtur sjóðsins er mjög hægfara og að hann getur ekki veitt hagkvæm lán.

Eftirfarandi skýrsla sýnir, hve erfitt sjóðnum hefir reynzt að starfa með dýru lánsfé, og hve fjarri hann er því, að ná tilgangi sinum, meðan hann er svo févana sem nú er og honum ekki tryggðar meiri tekjur en nú:

„Það eru nú rétt að verða fimm ár, sem Fiskveiðasjóður hefir starfað með hinu nýja fyrirkomulagi og undir stjórn Útvegsbankans.

Á þessu tímabili hefir sjóðurinn veitt 130 lán, samtals að upphæð kr. 1691700.00, sem skiptast þannig:

Til nýrra skipa .....	kr. 632000.00
— endurbóta skipa .....	— 91200.00
— eldri skipa .....	— 430300.00
	<hr/>
	Kr. 1153500.00
Til nýrra iðjufyrirtækja .....	kr. 182700.00
— endurbóta iðjufyrirtækja .....	— 16000.00
— eldri iðjufyrirtækja .....	— 339500.00
	<hr/>
	Kr. 1691700.00

Lánveitingar hafa því verið að meðaltali á ári í þessi fimm ár kr. 338340.00. Á sama tíma hafa afborganir af útlánum verið kr. 504960.00, eða að meðaltali á ári um kr. 101000.00.

Árlegar lánveitingar umfram innheimtar afborganir hafa því verið .....	kr. 237340.00
Auk þessa verður sjóðurinn að borga afborganir af dönsku láni, sem eru árlega .....	— 83333.33
	<hr/>
	Kr. 320673.33

Upp í þetta fær sjóðurinn:

- a. Fiskveiðasjóðsgjaldið samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930 (var 1934 kr. 48500.00) .... c. kr. 48000.00
  - b. Árlegan tekjuafgang (var 1934 kr. 48303.00, en þar af fer helmingur í varasjóð, sem ekki má hreyfa):  
Eftir verða því ..... c. kr. 24000.00
- 

kr. 72000.00

Eftir eru þá kr. 248673.33

sem sjóðurinn þarf að borga út árlega til þess að geta haldið í horfinu.

Sem stendur eru í sjóði um kr. 430000.00, að undanskildum varasjóði og veðtryggingarsjóði, sem hvoruga má nota til útlána. Af þessari upphæð verður að greiða kostnaðinn við Skuldaskilasjóð vélhátaeigenda, sem ekki er vitað, hvað verður mikill, en getur þó sjálfsagt orðið nokkrir tugir þúsunda.

Sést af þessu, að núverandi sjóðseign dugir naumast lengur en hálf tugi annað ár, eða þangað til á miðju ári 1937, ef lánveitingar annarsvegar og innheimtar afborganir hinsvegar verða svipaðar og meðaltalið undanfarin 5 ár.“

### Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1., 2. og 3. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa. Þær kveða nokkru skýrar á um skipulag sjóðsins heldur en gert er í núgildandi lögum.

Um 4. gr.

Í árslok 1930 tók Fiskveiðasjóður lán í Den danske Landmandsbank, d. kr. 1250000.00. Af láni þessu er nú ógreitt, eins og í frumvarpsgreininni segir, kr. 833333.35. Þykir hagkvæmt, bæði fyrir sjóðinn og ríkissjóð, að ríkissjóður greiði Fiskveiðasjóði hið lögboðna framlag á þann hátt, að taka að sér þessa skuld sem sína eigin skuld.

Um 2. lið er það að segja, að fram mun borið jafnhliða þessu frumvarpi annað frumvarp, um afnám útflutningsgjalds til ríkissjóðs af sjávarafurðum. Er þá ætlað til, að í þess stað verði lagt á nýtt útflutningsgjald, er nemi  $\frac{3}{4}$  af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu er létt af, og renni í Fiskveiðasjóð. Þykir stórum eðlilegra, að sjávarútvegurinn, þótt illa sé stæður, inni af hendi slíkt gjald til eflingar sjálfum sér, heldur en að hann gjaldi ríkis-

sjóði stórgjöld til eyðslueyris. En skyldi svo ólíklega takast til, að afnám núverandi útflutningsgjalds verði ekki samþykkt, er með greininni ákveðið, að Fiskveiðasjóður fái helming þess.

Um 3. liðinn er það að segja, að ef sjóðnum eru tryggðar þær tekjur, sem um ræðir í 1. og 2. lið, virðist fjárhagur hans þar með gerður svo öruggur, að óþarft sé að halda þessum sjóðum sérstökum, en afnám þeirra sem sérstakra sjóða gerir lánskjörið hagstæðari fyrir lántakendur.

Um 5. gr.

Þessi grein er í samræmi við 27. gr. núgildandi reglugerðar sjóðsins.

Um 6. gr.

Rétt þykir að taka fram í lögnum, að sjóðurinn láni ekki til annara skipa en fiskiskipa.

Þá er gerður greinarmunur á vélskipum allt að 60 smálestum og svo stærri skipum, eins og togurum. Er bersýnilegt, að þótt Fiskveiðasjóður yrði efldur, svo sem hér er gert ráð fyrir, mundi hann þó ekki fyrst í stað verða þess megnugur að lána til stórútgerðarinnar. Þótti rétt að setja mörkin við 60 smálestir, því vélbátar til fiskiveiða eru varla stærri, eips og nú standa sakir.

Hinsvegar er það alveg ljóst, að ekki er síður þörf á því að endurnýja togaraflotann heldur en vélbátaraflotann, og þar eð ætlazt er til, að Fiskveiðasjóður sé efldur, ekki síður með framlögum frá stórútgerðinni en þeirri smærri, er alveg sjálfsagt, að sú útgerð verði lána aðnjótandi hlutfallslega, þótt lánið til smáútgerðarinnar séu hér fyrr sett, sökum þess, að Fiskveiðasjóður ræður frekar við það verkefni, meðan hann ræður litlu fé.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari gr. má lána hærri hundraðshluta af virðingarverði skips en gert var ráð fyrir í frumvarpinu í fyrra, eða allt að 50% út á nýtt skip án aukatryggingar, og allt að 60%, ef aukatrygging er. Þá er sú nýbreytni upp tekin, að lána megi nokkru herra út á skip, sem byggt er innanlands, eða allt að 70% af virðingarverði skipsins. Þetta kann að þykja óvarlegt, en þó má fullkomlega forsvara það, þegar um jafnfjárhagslega sterka stofnun er að ræða eins og gert er ráð fyrir að Fiskveiðasjóður verði.

Um 8. gr.

Það er í samræmi við gildandi lög um Fiskveiðasjóð, að lánað sé til iðnfyrirtækja í sambandi við útgerðina. Er bersýnilegt, að slíkan iðnrekstur þer að styðja öfluglega. En meðan sjóðurinn er félitill, þykir ekki fært að gera ráð fyrir hærri lánnum en 24 þús. kr. til eins fyrirtækis.

Um 9. gr.

Lagt er til, að sjóðurinn taki ekki hærri vexti en 4½%. Það er 1½% lægri vextir en sjóðurinn tekur nú, og að auki sleppt lántökugjaldi, sem nú er 1% af lánsupphæðinni, og veðtryggingarsjóðsgjaldi, sem er ¼% árlega. Þetta er

auðvitað mikil vaxtalækkun. En þó virðist vel fært að veita þessi vaxtakjör, ef sjóðurinn starfar eingöngu með eigin fé, og má jafnvel gera ráð fyrir, að fært verði að lækka vextina enn meir, þegar sjóðurinn eflist.

Um 10.—17. gr.

Þessar greinar eru að efni til eins og 11.—18. gr. núgildandi laga, en nokkru fyllri um einstök atriði.

Um 18. gr.

Tilgangur þessa frumvarps er að léttja stofnlánakjör útgerðarinnar. Eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við það. Getu má og þess, að tilsvarandi lánsstofnanir í Noregi og Danmörku njóta sömu hlunninda þar eins og þeirra, sem um ræðir í greininni.